

Fundargerð

Símafundur stýrihóps, 2. okt. 2018

Dags. fundar: 02-10-2018	Staðsetning: Símafundur	Fundur settur: 11:00
Fundarboðari: SV	Fundarritari: SV	Fundi slitið: 11:20

Fundarboðun send á / mætt og forfölluð:

Mætt:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar
x	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð
X	Árni Óðinsson	Landsvirkjun
X	Freyr Ævarsson	Fljótsdalshérað
x	Geir Sigurpáll Hlöðversson	Alcoa Fjarðaál
X	Guðrún Á. Jónsdóttir	Austurbrú
X	Hjalti Jóhannesson	RHA
X	Lilja Dögg Björgvinsdóttir	Austurbrú
X	Sigrún Víglundsdóttir	Austurbrú

Efni / dagskrá:

Stuttur símafundur til að ræða ársfund 2018 og næstu skref.

1. **Ársfundur** þótti ganga vel og var mikilvægur því þar var rætt um tengingu verkefnisins við samfélagið. Framsöguerindi og niðurstöður hópastarfs nýtast verkefninu til leiðbeiningar.
2. **Íbúakönnun** fyrir Austurland sambærileg þeirri sem Vífill Karlsson kynnti á fundinum væri fengur fyrir sjálfbærni-verkefnið. SV skoðar hvort til standi að hafa Austurland með næst.
3. **Vinnufundur** stýrihóps var ákveðinn síðar í mánuðinum. Unnið verður úr efni frá ársfundi og skoðað hvernig sjálfbærni-verkefnið tónar við það sem samfélagið kallar eftir.
4. **Sjálfbærni-verkefni á Norðausturlandi** hefur opnað vef: www.gaumur.is. Ákveðið að óska eftir samtali og jafnvel samstarfi verkefnanna. SV/LDB hafa samband við þekkingarnet Þingeyinga, sem stýrir verkefninu fyrir norðan og óska eftir fundi.